

Velkomin/n á Dvalarheimili aldraðra

Hagnýtar upplýsingar fyrir íbúa

Í þessum bæklingi má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um þjónustu Dvalarheimilis aldraðra sem hjálpa þér og aðstandendum þínum að undirbúa flutning á nýja heimilið.

Allar upplýsingar varðandi komu þína veitir

Kristín Hannesdóttir forstöðumaður í síma 433-8165.

Hugmyndafræði

Hugmyndafræði heimilisins byggist á að umhyggja fyrir einstaklingnum sé í fyrirrúmi og að sjálfræði hans sé virt í allri umönnun. Mikið er lagt uppúr heimilislegum anda, virðingu fyrir einkalífi heimilismanna og að þeir upplifi öryggistilfinningu. Lögð er áhersla á alúðlega framkomu, tillitsemi og hlýju í starfi. Viðfangsefnið eru athafnir daglegs lífs með þátttöku heimilismanna og aðstandenda þeirra, allt eftir óskum, getu og vilja hvers og eins. Umönnun miðar að því að heimilismenn haldi reisu sinni. Horft er á einstaklinginn, heilbrigði hans, umhverfi og hjúkrun sem órjúfanlega heild.

Dvalarheimili aldraðra

Á dvalarheimilinu eru 17 einstaklings-herbergi með fataskápum og hjúkrunarrúmum. Dvalarrýmið eru samtals 3 og hjúkrunarrýmið 14. Heimilismenn geta haft með sér eigin húsgögn. Gluggatjöld eru í hverju herbergi. Sjúkrakallkerfi er tengt hverju herbergi.

ÞJÓNUSTA

Hjúkrun er einstaklingshæfð sem þýðir að hjúkrunarfræðingur heimilisins er ábyrgur fyrir og skipuleggur hjúkrun heimilismanna í samráði við fjölskyldu þeirra, eftir því sem við á. Við leggjum áherslu á góð tengsl og samskipti við fjölskyldur. Hjúkrunarfræðingur, sjúkraliðar og starfsmenn eru tiltækir allan sólarhringinn.

FÉLAGSSTARF

Boðið er upp á samveru og afþreyingu 4 daga vikunnar; lestur úr bókum og blöðum, tónlist, söng, spil, spjall, handmennt og aðra dægrastyttingu.

Læknisþjónusta

Læknir dvalarheimilisins kemur einu sinni í viku, á miðvikudögum og og oftast ef þörf er á.

Ekki er heimilt að panta heilbrigðisþjónustu eða lyf utan heimilisins án samráðs við lækni eða hjúkrunarfræðing, ef ætlast er til að heimilið greiði reikninginn.

Fjölskyldufundir

Fljótlega eftir komu á dvalarheimilið býður hjúkrunarfræðingur upp á fjölskyldufund með íbúanum og aðstandendum. Með á fundinum er venjulega læknir og forstöðumaður, sé þess þörf. Eftir það fara fjölskyldufundir fram u.þ.b. einu sinni á ári og oftast ef breyting verður á heilsufari eða aðstandendum eða starfsfólk óska eftir þeim.

Fjármál

Á heimasíðu Tryggingastofnunar (www.tr.is) eru allar upplýsingar hvað varðar greiðslur við flutning á stofnun og einnig um umsóknir.

Leikfimi og iðjuþjálfun

Á dvalarheimilinu er iðjuþjálfari sem sér um leikfimi, hvers kyns iðju og aðra afþreyingu 2-3 daga vikunnar. Reynt er að hafa virknina sem fjölbreyttasta til að mæta þörfum hvers og eins.

Matmálstímar

Máltíðir eru framreiddar í matsal heimilisins. Það skapar heimilislegt andrúmsloft að íbúar borði saman í borðstofu og njóti þar einnig samveru við aðra íbúa, ættingja og vini. Heit máltíð er sjö daga vikunnar í hádeginu og léttari réttir hinar máltíðirnar.

Matmálstímar eru sem hér segir:

Morgunverður	kl. 08.00 - 10.00
Hádegisverður	kl. 11.30 - 12.30
Síðdegiskaffi	kl. 15.00 - 16.00
Kvöldverður.....	kl. 18.30 - 19.00
Kvöldkaffi	kl. 20.30

Hárgreiðslu- og fótaaðgerðastofa

Hárgreiðslu og klippingu sem og fót snyrtingu er hægt að panta á heimilinu. Heimilið er með samning við hárgreiðslukonu og fótaaðgerðafræðing sem koma reglulega á heimilið og hafa sérstaka aðstöðu til þess. Heimilisfólk greiðir sjálft fyrir þessa þjónustu.

Reykingar

Af öryggisástæðum er þess óskað að íbúar sem reykja geri það ekki í herbergjum sínum. Gestum og starfsmönnum er óheimilt að reykja innan heimilisins .

Sálgæsla

Helgistundir eru í setustofunni einu sinni í mánuði. Sóknarprestur er ávallt reiðubúinn til aðstoðar við ýmis mál, bæði trúarlega þjónustu og önnur persónuleg mál. Guðsþjónustur eru haldnar í matsal heimilisins.

Fatnaður

Íbúar klæðast sínum eigin fötum. Nauðsynlegt er að hafa hæfilegt magn af hversdagsfötum til skiptanna, náttföt, slopp, sokka, sparikæðnað og yfirhafnir, sem og annan fatnað til útivistar.

Dvalarheimilið annast þvott á einkafatnaði , nema íbúi eða ættingjar kjósi annað. Undanþegið er þó það sem þarf að hreinsa. Innkaup og eftirlit með einkafatnaði er í höndum íbúa og aðstandenda. Mikilvægt er að merkja fötin með skammstöfun nafns eftir komu á heimilið. Dvalarheimilið sér ekki fyrir

sæng, kodd, rúmfatnaði eða handklæði.

Áhöld og vörur til persónulegra nota

Íbúar koma með tannbursta, tannkrem, snyrtiáhöld, rakáhöld og aðrar þær snyrtivörur sem hann/hún þarfnast til persónulegra nota. Dvalarheimilið sér fyrir lyfjum og hjúkrunarvörum íbúa.

Ferðir

Þurfi íbúi að sækja aðra heilbrigðisþjónustu utan heimilisins mun heimilið aðstoða þá við að komast á áfangastað. Aðra þjónustu, til dæmis bankaferðir, búðarferðir o.þ.h. er ætlast til þess að aðstandendur sjái um.

Heimsóknir

Ættingjar eru alltaf velkomnir í heimsóknir. Markmiðið er að aðstandendum líði vel við komu hingað og geti látið fara vel um sig og sína. Af öryggisástæðum er heimilinu læst á kvöldin kl 22:30. Ættingjar geta notað dyrabjöllu utan þess tíma. Aðstandendur og vinir eru hvattir til að koma í heimsókn og eru reglulegar heimsóknir oft fastir liðir á dagskrá nánustu ættingja.

Að lokum

Aðstæður á heimilinu geta breyst og til þess að nýting heimilisins sé sem best þarf viðkomandi að vera viðbúin/n breytingum, t.d. flutning á milli herbergja.

Viljir þú eða þínir aðstandendur koma með ábendingar varðandi aðbúnað eða þjónustu á Dvalarheimilinu bendum við á eyðublað sem nálgast má hjá starfsfólki. Ábendingin má vera nafnlaus óski fólk nafnleyndar.